

**ARÐSKRÁ****fyrir Veiðifélag Straumfjarðarár í Miklaholtshreppi.**

Öllum tekjum og gjöldum félagsins skal skipta á milli jarða þeirra, sem félagssvæðið tekur yfir, í eftirtöldum hundraðshlutföllum:

	Einingar
1. Stakkhamar I .....	4 82
2. Stakkhamar II .....	4 82
3. Borgarholt .....	12.46
4. Hofstaðir .....	8.69
5. Hrísdalur I .....	12.63
6. Hrísdalur II .....	6.31
7. Dalur .....	18.94
8. Straumfjarðartunga .....	10.62
9. Eiðhús .....	1.00
10. Fáskrúðarbakki .....	11.07
11. Laxárbakki .....	5.69
12. Ytra-Skógarnes .....	2 95
	Samtals 100.0

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsvæði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi arðskrá nr. 85/1939.

*Atvinnumálaráðuneytið, 29. febrúar 1968.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

4. marz 1968.

Nr. 70.

**SAMÞYKKT**

**um breytingu á samþykktum nr. 19 frá 18. marz 1961  
fyrir Verzlunarbanka Íslands hf.**

**1. gr.**

Við 4. gr. samþykkta Verzlunarbanka Íslands hf. bætast svofelld ákvæði:

Hlutfé í Verzlunarbanka Íslands hf. skal vera allt að 30 milljónir króna, sbr. ákvörðun aðalfundar bankans 8. apríl 1967. Að því er varðar þennan hlutfjáráuka, er nemur allt að 18 milljónum króna, skal hverjum hluthafa gefinn kostur á að kaupa ný hlutabréf fyrir allt að tvöfaldri hlutfjáreign, sem hann á fyrir í félaginu, þ. e. að allt að því þrefalda hlutfjáreign sína, sbr. þó næstu málsgrein hér á eftir.

Nú vilja svo margir hluthafar neyta kaupréttar síns á hlutfjáráuka, að öllum verði ekki veitt úrlausn, og skulu hluthafar allir þá sæta hlutfallslegri lækkun eftir því sem stjórn bankans ákveður.